

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta (nema bæjarfógetans í Reykjavík) **útaf brunamálalögum** **122**
11. nóv.

Af brunaprófum þeim, sem hingað hafa borist hin síðari ár, hefir það þrífaldlega komið í ljós, að lög um brunamál nr. 85, 22. nóvbr. 1907, hafa í ýms-um og það þýðingarmiklum atvridum verið brotin. Brot þessi hafa aðallega verið í því fólgin. að opnum pípum úr ofnum og eldavjelum hefir eigi verið fyrirkomid eins og segir í 8. gr. nefndra laga. að reykháfar hafa eigi verið hlaðnir upp og útbúnir eins og 9. gr. laganna fyrirskipar, og að meðferð á eldi og ljósum hefir langt frá verið samkvæm því, sem fyrir er mælt í öðrum kafla laganna. Það hefir jafnvel þrífaldlega komið í ljós við brunaprófin, að torfi og heyi hafi verið troðið fast að reykháfum og reykþípum, þar sem þær ganga gegnum loft eða þekju.

Með því að húsbrunar fara árlega svo í vöxt hjer á landi, að það hlýtur að vekja óhug manna og grun á því, að ekki sje hjer alt með feldu í þessu efni, eða að minsta kosti, að langt sje frá því, að almenningar varúðar sje gætt, og með því að svo getur farið, að útlend váttryggingarfjelög hætti að váttryggja hús hjer — en eigi hefir enn tekist að koma á brunabótafjelagi Íslands — eða þá að minsta kosti setji iðgjaldið svo upp, að mönnum sje ókleyft að afla sjer ábyrgðar, þá finnur stjórnarráðið ástæðu til að leggja fyrir yður, herra sýslumaður (og bæjarfógeti), að brýna fyrir sýslubúum yðar (og bæjarbúum) fyrirmæli nefndra laga annaðhvort á manntalsþingum eða á annan hátt, sem þjer álitid best við eiga. Sjerstaklega erud þjer beðinn að minna á, að eftir 15. gr. laganna hefir sjerhver húseigandi ábyrgð á, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykþípum sje haldið í tilhlýðilegu standi svo sem lögin skipa fyrir og að það sje saknæmt að leggja eldfina hluti, svo sem torf eða hey, upp að reykháf eða reykþípu eða á annan hátt að fara gálauslega með eld, ljós og aunað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp.

Loks eruð þjer beðinn um að brýna fyrir hreppsnefndum í sýslu yðar, að þeim sje skylt samkvæmt 34. gr. laganna að hafa eftirlit með því, að lögum sje hlýtt.

Þó að lög þessi nái eigi til þeirra stada og húseigna, sem falla inn undir lög 20. okt. 1904, um váttrygging sveitabæja, hljóta þó hinar sömu almennu varúðarreglur að gilda um þær, sbr. reglugerð 20. október 1906 (Stj.tíð. 1906 B, bls. 266—269).

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Kirkjujarðasjóðs árið 1911.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.

a. Bankavaxtabrjef	kr.	35500 00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	22581 67
c. Kirkjujarðasjóðslán	—	152395 16
d. Í sjóði	—	15847 88

kr. 226324 71

Flyt kr. 226324 71

	Flutt	kr.	226324 71
2. Andvirði seldra kirkjujarða á árinu	—		76147 00
3. Peningaeign nokkurra prestakalla.	—		8700 43
4. Agóði á útdregnu bankavaxtabrjefi	—		20 00
5. Afborganir af lánum	—		7041 23
6. Vextir:			
a. Af lánum kr.	6174	30	
b. Af bankavaxtabrjefum	—	1935	00
c. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1025	21
d. Af Hvannárláni	—	136	55
e. Af bankainneign	—	644	62
			9915 68
7. Til jafnaðar á móti gjaldlið 8 a 2	—		35000 00
			Kr. 363149 05

Gjöld:

1. Vextir af andvirði seldra kirkjujarða tilheyrandi prestaköllum, sem ekki eru komin undir hin nýju prestslauna lög	kr.	3424	78
2. Endurgreiddir vextir af lánum Hvammsprestakalls	—	51	70
3. Vextir af keyptum bankavaxtabrjefum	—	181	88
4. Keypt bankavaxtabrjef:			
a. 15000 kr. á 98% kr.	14700	00	
b. 20000 kr. fyrir	—	19004	00
			33704 00
5. Ýmisleg gjöld	—	4	40
6. Vextir greiddir í prestlaunasjóð	—	5813	24
7. Til jafnaðar á móti tekjulið 5	—	7041	23
8. Eftirstöðvar við árslok:			
a. Bankavaxtabrjef (nafnverð):			
1. Bankavaxtabrjefa- eign frá f. á. kr.	35500	00	
2. Bankavaxtabrjef keypt á árinu	—	35000	00
			70500 00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	23680	09
c. Kirkjujarðasjóðslán	—	217472	73
d. Í sjóði	—	1275	00
			312927 82
			Kr. 363149 05

Í stjórnarráði Íslands, 15. maí 1912.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.